



Starfsáætlun háskólaráðs 2015-2016

Samþykkt 1. október 2015

Í starfsreglum háskólaráðs er kveðið á um að rektor skuli hafa frumkvæði að því að ráðið leggi fram til afgreiðslu starfsáætlun sína í upphafi hvers starfsárs. Þannig stendur á að veigamesta verkefni háskólaráðs á þessu haustmisseri er mótun heildarstefnu fyrir Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2016-2021. Eðli máls samkvæmt mun starfsáætlun ráðsins taka mið af stefnumótuninni er mynd kemur á efni hennar. Að svo stöddu eru eftirtalin mál í deiglu:

Stefnumótun fyrir Háskóla Íslands 2016-2021

- Tillaga um fyrirkomulag stefnumótunarinnar var samþykkt á fundi háskólaráðs 3.9.2015 og er unnið eftir henni.
- Málið verður á dagskrá háskólaráðs á haustmisseri 2015 og er stefnt að því að ný stefna HÍ fyrir tímabilið 2016-2021 taki gildi snemma árs 2016.
- Samhliða mótun heildarstefnu verður unnið að mótun nýrrar málstefnu sem og fjölskyldustefnu sem ætlunin er að taki gildi á vormisseri 2016.

Rannsóknir og nýsköpun

- Úttekt á matskerfi opinberra háskóla. Vinna við sjálfsmat er hafin og í kjölfarið tekur við ytra mat óháðra erlendra sérfræðinga. Niðurstöður eru væntanlegar á vormisseri 2016.
- Endurskoðun á reglum um Rannsóknasjóð HÍ og úthlutun doktorsstyrkja (tengist stefnumótun). Verður lokið fyrir 1. júlí 2016.
- Efling nýsköpunarstarfs. Stöðuskýrsla í maí 2016.
- Umbótaverkefni í kjölfar sjálfsmats og ytri úttektar á HÍ (tengist stefnumótun). Stöðuskýrsla í maí 2016.

Gæðamál

- Umbótaverkefni í kjölfar sjálfsmats og ytri úttektar á HÍ (tengist stefnumótun). Stöðuskýrsla í maí 2016.
- Sóknarfæri í námi í íþróttá- og heilsufræði. Starfshópur skipaður af háskólaráði vinnur að úttekt og undirbúningi tillagna fyrir ráðið. Hópurinn mun skila af sér fyrir lok haustmíssis 2015.

Kennslumál

- Endurskoðun formlegra inntökuskilyrða með hliðsjón af aðalnámskrá framhaldsskóla og endurskipulagningu náms til stúdentsprófs.
- Umbótaverkefni í kjölfar sjálfsmats og ytri úttektar á HÍ (tengist stefnumótun). Sjá sérstakan lista. Stöðuskýrsla í maí 2016.

Mannauðsmál

- Eftirfylgni starfsumhverfiskönnunar.
- Aðgerðir til að draga úr álagi á stafsfolk.
- Mótun fjölskyldustefnu. Verður lokið á vormíssis 2016.
- Réttindi og kjör stundakennara við HÍ. Eftirfylgni og aðgerðaráætlun með tillögum starfshóps.

Fjármál

- Eftirfylgni með fjárlagafrumvarpi. Aldarafmælistjóður HÍ og framtíðarfjármögnun skólans.
- Kjaramál og kjarasamningar við félög kennara.

Skipulag og stjórnkerfi

- Mat á núverandi skipulagi og stjórnkerfi HÍ (tengist stefnumótun). Niðurstöður í byrjun árs 2016.
- Skipulag gæðamála innan skólans. Niðurstaða í byrjun árs 2016.
- Efling innri endurskoðunar.
- Skýrsla um skipulag og starfsemi rannsóknastofnana HÍ. Eftirfylgni og aðgerðaráætlun. Verður lokið í byrjun árs 2016.
- Eftirfylgni með aðgerðaráætlun í kjölfar úttektar á árangri sameiningar KHÍ og HÍ.

Þverfræðileg samvinna

- Niðurstaða starfshóps um þverfræðilega samvinnu (skýrsla á lokastigi, fer síðan í umsögn).

Innviðir

- Markviss efling innviða rannsókna og kennslu (tengist stefnumótun).
- Nýr ytri vefur, www.hi.is, í smíðum. Áætlað að verði tekinn í notkun um mitt ár 2016.

Samstarf við atvinnulíf og samfélag

- Vinna að frekari tengingum við fyrirtæki og stofnanir, m.a. í samstarfi við Stúdentaráð.
- Skipuleg uppbygging hollvinastarfs.

Framkvæmdir og skipulag

- Framkvæmdaáætlun HÍ 2016 til 2024.
 - Skipulag háskólasvæðis.
 - Húsnæðismál.

Málefni háskólaráðs

- Endurskoðun starfsreglna ráðsins.
- Vefgátt fyrir gögn ráðsins.
- Verklagsreglur um fyrirkomulag rafrænna funda.
- Ráðning innri endurskoðanda. Tekur til starfa 1. okt. 2015.

Málefni háskólastigsins

- Undirbúningur stefnumótunar á vettvangi mennta- og menningarmálaráðuneytis. Haust 2015.